

# Foreldrahandbók Ölduselsskóla



## Efnisyfirlit

Hlutverk bekkjarfulltrúa og tilgangur virks foreldrastarfs í Ölduselsskóla .....	3
Starfið .....	4
Samskiptaleiðir .....	5
Viðburðir .....	6
Afmæli .....	7
Vinahópar .....	8
Hverfarölt .....	10
Foreldrasáttmáli .....	12
Heimili og skóli.....	13
Stutt skilaboð til allra foreldra barna í Ölduselsskóla.....	14



## **Hlutverk bekkjarfulltrúa og tilgangur virks foreldrastarfs í Ölduselsskóla**

- Allir foreldrar í Ölduselsskóla eru saman í foreldrafélagi eru eindregið hvattir til þess að taka þátt í verkefnum og viðburðum barnanna og leggja sitt af mörkum þegar verið er að skipuleggja slíkt. Hvort heldur sem er bekkjarfulltrúi eða annað virkt foreldri. Rannsóknir sýna að börn öðlast sjálfstraust og að samskiptahæfileikar aukast við það að taka þátt í verkefnum og viðburðum með foreldrum sínum í skipulögðu hópefli.
- Foreldrafélagið hvetur alla bekki til þess að hafa í það minnsta tvo til fjóra bekkjarfulltrúa virka og er kosning til tveggja ára.
- Þeir gegna hlutverki verkstjóra sem hafa jákvæða hvatningu að leiðarljósi.
- Þeir halda utan um dagskrá sem er ákveðin á sameiginlegum fundi foreldra í bekknum að undangenginni athugun á viðhorfum og óskum barnanna. Mikilvægt er að taka mið af áhugasviði barna og foreldra og nýta þau tækifæri sem þar gefast.
- Bekkjarfulltrúar eru jafnframt tengiliðir bekkjarins við stjórn foreldrafélags, skólaráð, skólastjórnendur og umsjónarkennara.
- Bekkjarfulltrúar halda utan um gögn er varða bekkinn og starf foreldrafélagsins, bæði á rafrænu formi og á pappír.
- Bekkjarfulltrúar eiga að stuðla að því að foreldrar velji nýjan fulltrúa þegar þeir láta af störfum til þess að sporna við því að félagsstarf innan bekkjarins leggist niður. Sýnt hefur verið fram á það að það hefur slæm áhrif á hópefli þegar kemur að eldri bekkjum.



## Starfið

Mikilvægt er að bekkjarfulltrúar í Ölduselsskóla boði til fundar með foreldrum í upphafi skólaárs.

Þar séu lögð fram til umræðu drög að dagskrá vetrarins í bekknum, þar með talið verkefni á vegum foreldrafélags skólans. Eftir umræður um dagskrá vetrarins er hún borin upp til samþykktar.

Á fyrsta fundi vetrarins er ennfremur mikilvægt að ræða um uppeldisleg viðmið – t.d. samskipti, útivistartíma, tryggja að yngstu börnin láti foreldra vita þegar þau fara í heimsókn til skólafélaga eftir skóla, afmælisboð, gistingar, tölvunotkun/blogg/msn/tölvuleiki, partý, bekkjarferðir o.s.frv. Ennfremur er nauðsynlegt að gera ráð fyrir tíma fyrir önnur mál er brenna á foreldrum. Fara yfir foreldrasáttmála. *Sjá nánar á bls. 12.*

Mikilvægt er að haga starfinu þannig að allir foreldrar taki þátt í undirbúningi og framkvæmd á a.m.k. einu verkefni innan bekkjarins eða á vegum foreldrafélagsins á skólaárinu. Þannig verður allt foreldrasamstarf skemmtilegra og auðveldara. Bekkjarfulltrúi tekur að sér að skipta samþykktum verkefnum á dagskrá vetrarins niður á foreldra og senda í tölvupósti á alla foreldra og jafnvel líka með töskupósti til yngstu bekkjanna.

Þegar boðað er til fundar með foreldrum er mikilvægt að auglýsa fundinn með ákveðinni dagskrá og tímasetningu. Mikilvægt er að halda tímaáætlun þannig að foreldrar geti treyst því að fundinum ljúki á réttum tíma. Einnig er mikilvægt að senda stuttar fundargerðir til allra foreldra að loknum fundum.

**Að koma skilaboðunum á framfæri:** Facebook, Mentor, töskupóstur og bekkjafundir foreldra. Sjá nánar undir *samskiptaleiðir á bls. 5.*



## Samskiptaleiðir

**Facebook:** Flestir árgangar/bekkir hafa eigin hóp inni á facebook. Það er góður vettvangur fyrir hvetjandi hópefli og samtal foreldra barna í Ölduselsskóla

1. **Vettvangur fyrir spjall og skilaboð** þar sem gagnlegum upplýsingum er deilt á meðal foreldra.
2. **Varast skal að nota facebook** sem vettvang til að ræða viðkvæm mál sem upp koma innan bekkjarins, mál einstakra barna eða að gagnrýna kennara.
3. **Myndaalbúm** þar sem hægt er að safna saman myndum frá viðburðum bekkjarins. T.d. er albúm stofnað í kjölfar viðburðar innan eða utan skóla, t.d. vegna afmælis, og fleiri en einn geta bætt við. Máli skiptir að hafa myndaalbúmin vel merkt og að ártal og viðburður komi fram í nafni á albúmi.

**Mentor:** Allir foreldrar/forráðamenn eiga að hafa aðgang að mentor kerfinu, sem býður upp á möguleika til samskipta innan og milli bekkja.

1. **Skilaboð með tölvupósti.** Foreldrar hafa sjálfir aðgang að pósti til foreldra bekkjarfélaga eigin barna, og geta einnig sent skilaboð á alla bekkina í árganginum. Í gegnum þessa bekkjarpósthópa eru hvað mestar líkur á að ná til sem flestra, foreldra og aðstandenda. Æskilegt að hafa netfang kennara með í póstsendingum, til að þeir fái innsýn inn í bekkjarstarfið.
2. **Símanúmer:** Símanúmer foreldra bekkjarfélaga eru skráð í mentor kerfið, sem allir hafa aðgang að.

**Töskupóstur:** Bekkjarfulltrúi eða virkt foreldri prentar út og klippir orðsendingu sem nemandi eða foreldri kemur áleiðis til kennara. Kennari dreifir síðan miðunum til barnanna sem setja þá í skólatöskurnar.

Líklegra er að yngsta stigið komi þessum skilaboðum áleiðis til foreldra sinna og þá sérstaklega fyrstu og annars bekkjar þar sem þau líta á töskupóstinn sem spennandi verkefni sem þau taka þátt í.

**Bekkjargundir foreldra:** Í kjölfar námsefniskynninga í skólanum í byrjun skólaárs er æskilegt að bekkjarfulltrúar haldi bekkjargundi með foreldrum þar sem starf vetrarins er rætt. Kennurum er gjarnan boðið á slíka fundi en fundir eru síðan haldnir yfir skólaárið eftir því sem þörf krefur. Mikilvægt er fyrir foreldra að mæta á bekkjargundi, en þetta er heppilegur vettvangur til að að kynnast, skipuleggja viðburði, skiptast á skoðunum, ræða reglur innan bekkjarins, og hvernig má sameiginlega taka á mögulegum vandamálum eins og einelti. Fara yfir Foreldrasáttmála. *Sjá nánar á bls. 12*



## Viðburðir

Fjöldmargt er hægt að gera með börnunum og með því að hafa jákvæð samskipti milli barna og foreldra í leik og hópefli hefur það jákvæð áhrif á líðan nemanda í skóla og eykur sjálfstraust nemenda. Mælt er með að foreldrar tali sig saman um að sameina ferðir ef einstakir nemendur eiga í vandræðum með að komast á staðinn. Best er að auglýsa slíka viðburði á Facebook, Mentor, með töskupósti og á bekkjafundum foreldra. Sjá nánar undir *samskiptaleiðir á bls. 5*.

### Hugmyndir um viðburði fyrir bekki:

- **Spilakvöld.** Hér geta nemendur t.d.sjálfir komið með sín uppáhalds spil sem þeir spila svo í minni hópum. Athugið ef að spilakvöld á að fara fram í skólanum, að tala við húsvörð að fá lykla og panta sal eða stofu. Einnig er hægt að fá Spilavini til þess að koma og sjá um spilakvöldin, þá er gott að hafa í huga að það kostar og gott er að biðja þátttakendur um skrá sig og greiða fyrirfram.
- **Bingó.** Bingó er mjög vinsælt meðal krakkanna. Foreldrar hafa safnað verðlaunum, en tala þarf við húsvörð um að bóka hátíðarsalinn/stofu ef að bingó fer fram í skólanum og jafnframt að fá lánuð bingóspjöld.
- **Gönguferðir** t.d. í kringum Vífilsstaðavatn, upp á Helgarfell, í Laugardalinn, í kringum Reynisvatn eða Heiðmörk. Vasaljósaganga.
- **Útileikir**, t.d. hlaupið í skarðið, ein króna, skotbolti eða annað. Bekkir hafa nýtt skólalóðina eða nágrenni skólans fyrir útileiki. Einnig er hægt að fara saman í sleðaferðir þegar snjór er, en nokkrar skemmtilegar brekkur eru í nágrenni Ölduselsskóla.
- **Fjörufurðir** t.d. út á Álftanes eða Gróttu.
- **Leikir**, Lazertag, keila, bíó og skautar.
- **Vorhátíð Ölduselsskóla.** Seinni hluta maímánaðar ár hvert er haldin vorhátíð Ölduselsskóla sem foreldrafélag skólans stendur fyrir. Allir nemendur og foreldrar í skólanum eru eindregið hvattir til að taka þátt í þessum skemmtilega viðburði.
- **Sameiginlegt grill árgangs í lok skólaárs.** Flestir árgangar í Ölduselsskóla halda upp á lok skólaársins með sameiginlegum viðburði, t.d. með útileikjum og grilli, sem er góð leið til að ljúka starfi hvers skólaárs. T.d við Tjörnina.



## Afmæli

Meðal yngri nemenda eru afmæli hvað algengasti vettvangur heilla bekkja til félagslegra samskipta utan skóla og mikilvægt er að allir taki sig saman um að hafa skýrar reglur og viðmið fyrir afmæli.

1. **Hverjum á að bjóða:** Ef á að bjóða í t.d. strákaafmæli er lagt upp með að bjóða öllum strákunum í bekknum/afmælishópnum og sama á við um stelpurnar. Vitanlega má bjóða öllum bekknum/afmælishópnum ef vill. Hægt er að koma með boðskort til bekkjarfélaga í skólann, sem kennari aðstoðar við að deila út en enn betra er að nota rafrænar leiðir eins og t.d. tölvupóst eða skilaboð í gegnum Facebook. Ef besti vinu/ir eða vinkona/ur er(u) ekki í sama bekk/afmælishópi er leyfilegt að bjóða honum/henni/þeim en þá er ekki æskilegt að boðskortið sé afhent í skólanum. Ástæðan er einföld, það minnkar líkur á vanlíðan annarra barna sem ekki fá boð.
2. **Hvað á gjöf að kosta:** Vænlegt hefur reynst að hafa hámark á gjöf og 500-1000 krónur hefur þótt gild upphæð í yngstu bekkjunum, allt eftir því hvað foreldrahópurinn kemur sér saman um. Ráðlagt er að slíkt sé ákveðið á bekkjarfundum foreldra í byrjun skólaárs. Það er gott og gilt að koma með peninginn í umslagi því þegar umslögin safnast saman eru meiri möguleikar á að barnið geti keypt veglegri gjöf. Hægt að gera ágætis kaup á útsölum og t.d. fá gjafir á ca. 500 krónur á bóka- eða CD/DVD mörkuðum, fyrir þá sem vilja gefa hluti.



## Vinahópar

Í Ölduselsskóla er vinahópastarf sérstaklega hugsað fyrir yngstu bekkina. Vinahópar eru hópastarf barna, sem stuðlar að betri samskiptum innan bekkja og eykur félagsfærni nemenda. Undir stjórn foreldra hittist hópurinn nokkrum sinnum og gerir eitthvað saman, gjarnan á heimili þess sem er gestgjafi hverju sinni. Að kynnst bekkjarfélögum sínum á öðrum vettvangi en bara í skóla getur verið skemmtilegt, eftt samstöðu og góðan bekkjaranda. Með því eykst umburðarlyndi og sjóndeildarhringurinn víkkar. Börnunum gefst kostur á að kynnst hvert öðru við aðrar aðstæður en í skólanum og kynnst börnum sem þau annars hefðu lítið sem ekkert kynnst. Það hefur sýnt sig að líkur á einelti minnka verulega þegar börnin fá tækifæri til að kynnst í minni hópum heima hjá hvert öðru, og er góð forvörn þegar fram líða stundir. Foreldrar fá tækifæri til að kynnst bekkjarsystkinum barna sinna og læra að þekkja þau með nafni. Það auðveldar okkur foreldrum að eiga góðar og gagnlegar samræður við börnin þegar við hittum þau. Tilgangurinn er ekki endilega að búa til ný vinasambönd en það geta vissulega skapast góð tækifæri til þess í vinahópum.

### Skipulag vinahópa:

- Foreldrar sjá alfarið um framkvæmd vinahópa en umsjón með framkvæmdinni er í höndum bekkjarfulltrúa (oft í samráði við umsjónarkennara).
- Bekknum er skipt í 4-6 manna hópa. Yfirleitt er gott að blanda stelpum og stráköm, en hafa alltaf að minnsta kosti tvo af sama kyni.
- Hópurinn hittist jafn oft og fjöldi barna í hópnum, einu sinni heima hjá hverjum. Mikilvægt að finna hentugan tíma svo allir geti mætt.
- Hver heimsókn varir í ca. 2 klst í senn. Gott viðmið er að fara einn hring á haustmisseri og skipta svo í nýja hópa og fara annan hring á vormisseri. Hóparnir hittast á 2-3 vikna fresti, sem er hæfilegt viðmið fyrir flesta.
- Vinahópurinn á að vera undir umsjón foreldris alla heimsóknina. Gefið ykkur góðan tíma til að spjalla við krakkana og aðstoða þau við að gera stundina ánægjulega fyrir alla.
- Æskilegt er að sýna börnunum heimilið og kynna heimilisfólkið.
- Hvetjum börnin til að leika sér öll saman og reynum að skapa sem bestar aðstæður til þess (aðstoðið þau e.t.v. við að velja leiki eða undirbúið viðfangsefni fyrirfram með ykkar barni).
- Gefum okkur tíma til að spjalla við hina foreldrana, t.d. þegar börnin eru sótt eða þegar við sækjum börnin okkar í vinahópa.
- Forðumst að spenna bogann hátt í veitingum eða vali viðfangsefna, og bjóðum ekki upp á sælgæti, nema e.t.v. á „nammidögum“.
- Höfum í huga að stundum eru einhverjir sem ekki vilja eða geta tekið þátt í vinahópnum. Mikilvægt er að muna að stundum eru það þessi börn sem þurfa mest á því að halda að vera með, og því er dýrmætt að finna tíma sem hentar sem flestum og leggja okkur fram um að ná sérstaklega til foreldra barna sem af einhverjum ástæðum eru lítt virk í félagsstarfi bekkjarins.
- Jákvæðni gagnvart vinahópastarfinu smitar út frá sér og gerir stundina enn skemmtilegri.



### Hvað er hægt að gera í vinahópum?

- Skoða og leika með dót gestgjafans — það einfaldasta er stundum best
- Fara í leiki, t.d. flöskustút, feluleik, búningaleik, stoppdans, spurningakeppni (margar hugmyndir er að finna á leikjavefnum: [www.leikjavefurinn.is](http://www.leikjavefurinn.is) )
- Spila – á venjuleg spil, pictionary, matador o.s.frv.
- Leika leikrit
- Fara í útileiki
- Baka saman – t.d. kóskúlur, bollur, piparkökur, skera út laufabrauð. Bjóða síðan foreldrum í kaffi og kökur að lokinni vinastund
- Föndra - t.d. mála (hægt að nota maskínupappír og gera sameiginlegt málverk), búa til trölladeig, búa til klippimyndir, búa til hálsfestar úr makkarónum eða plasti o.s.frv.
- Flestir foreldrahópar setja sér þær reglur að „banna“ tölvuleiki, video og sjónvarp í vinahópum. Veljið frekar viðfangsefni sem efla samskipti og samvinnu en henta jafnframt þroska og áhuga allra í hópnum.



## Hverfarölt

Í Ölduselsskóla taka foreldrar allra árganga þátt í foreldrarölti en markmiðið er að búa börnum okkar öruggt umhverfi með samvinnu. Með framlagi okkar allra leggjum við því lið að gera hverfið okkar öruggara. Foreldrar yngstu árganganna stuðla einnig að forvörnum og hjálpa til við eftirlit með unglíngunum með sinni þátttöku. Það dreifir álaginu milli árganga og þessir foreldrar njóta einnig sömu aðstoðar síðar meir sem nýtist þegar þeirra börn eru komin á unglíngastigið.

Á undanförunum árum hafa foreldrar og forráðamenn í Ölduselsskóla, í samstarfi við foreldrafélag skólans, Hólmasel og lögregluna farið í skipulagt hverfarölt á föstudagskvöldum. Um er að ræða sjálfboðaliðastarf foreldra þar sem leitast er við að ná fram samstöðu þeirra á meðal um að virða reglur um útivist barna og koma í veg fyrir hópamyndun unglínga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.

### Framkvæmd

Hverfaröltið er skipulagt af foreldrafélagi Ölduselsskóla og eru allir foreldrar hvattir til þátttöku. Árgöngum skólans er ráðað niður á föstudaga í byrjun skólaárs og sjá foreldrahóparnir um foreldraröltið. Foreldrafélagið kemur upplýsingum til tengiliða í félagsmiðstöðum og lögreglu um það hverjir eru með foreldrarölt og hvernig því verður háttað.

Þeir foreldrar sem fara á röltið hittast oftast við Hólmasel þar sem gjarnan er farið yfir atburði síðustu helga ef einhverjir eru. Síðan er gengið um hverfið og komið við á þeim stöðum þar sem unglíngar geta safnast saman svo sem við sjoppurnar, skólana tvo, kirkjuna, leiksvæði og á grónum svæðum. Áhersla er lögð á að foreldrar reyni að hafa áhrif á hegðun unglínganna með nærveru sinni en hafi sem minnst bein afskipti af þeim nema nauðsyn beri til.

Að foreldrarölti loknu er send stutt samantekt til tengiliðs í foreldrafélagi Ölduselsskóla með nöfnum þeirra sem fóru á röltið, hvert var gengið og hvort eitthvað kom upp á.

### Hvers vegna að fara á foreldrarölt?

Einn megin kosturinn við foreldraröltið er sá að reynslan hefur sýnt að nálægð fullorðinna hefur yfirleitt þau áhrif að unglíngahópurinn leysist upp og ólíklegt er að landa- eða vímuefnasölumenn geri vart við sig þegar foreldrar vakta svæðið.

Þó að lítið sé um að vera, þá er hressandi að fara í kvöldgöngu og kynnast öðrum foreldrum í bekknum. Það getur einnig verið lærdómsríkt og gaman að fara á foreldrarölt, heyra viðhorf annarra foreldra og jafnvel komast að því að flestir foreldrar fá að heyra rökin „allir hinir mega það“. Með því að fara á foreldrarölt geta foreldrar áttað sig betur á því hvað fer fram í hverfinu á kvöldin um helgar og hvar hætturarnar leynast. Þannig sjá þeir oft staði þar sem unglíngar geta notað til að neyta áfengis og annarra vímuefna í friði.

**Markmið foreldrarölsins eru því margþætt:**

- Að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglunga og að koma í veg fyrir hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.
- Að draga úr áfengis- og fíkniefnaneyslu unglunga.
- Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu.
- Að kanna hvað fer fram í hverfinu á kvöldin.
- Að ná sambandi við þá unglunga sem eru útivið.
- Að vera til staðar ef unglingar eru illa á sig komnir og þarfnast aðstoðar.
- Að koma á tengslum milli foreldra í hverfinu.

## Foreldrasáttmáli

Heimili og skóli - landssamtök foreldra hafa þróað Foreldrasáttmálann sem forvarnarverkefni fyrir foreldra. Foreldrasáttmálinn er leiðarvísir sem bekkjarfulltrúar og umsjónarkennarar geta nýtt sér til að koma af stað umræðum um uppeldisleg gildi, efla skilning á mikilvægi samstarfs og þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna og tryggja að foreldrar bekkja séu samstíga við að sýna börnunum stuðning, umhyggju og skýr mörk.

Samningurinn er þrískiptur og er fyrir 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk.

Nánari upplýsingar um foreldrasáttmálann og skjöl á rafrænu formi má finna á heimasíðu Heimilis og skóla: <http://www.heimilioskoli.is/utgefid-efni/foreldrasattmali/> Hægt er að nálgast Plaköt á skrifstofu skólans.

Foreldrafélag Ölduselsskóla hvetur hvern árgang fyrir sig að gera foreldrasáttmála sín á milli á hverju ári á fyrsta foreldrafundi vetrarins. Þeir staðfesta sáttmálann með því að setja undirskrift sína á Plakatið og svo er hann gjarnan hengdur upp í skólastofu barnanna, í fleiri eintökum ef um er að ræða fleiri en eina stofu.

## Heimili og skóli

Landssamtök foreldra sem eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmalaflokkum eða trúfélögum: sjá nánar á <http://www.heimiliogskoli.is/>

Foreldrar og forráðamenn barna geta gerst félagar í Heimili og skóla og aðrir geta gerst styrktarfélagar. Samtökin veita ráðgjöf til foreldra og foreldrasamtaka og gefa út tímarit og ýmiss konar efni um foreldrastarf.

Samtökin voru stofnuð 17. september 1992. Markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglunga. Þúsundir foreldra eru félagar í Heimili og skóla og með stuðningi þeirra hefur tekist að byggja upp þjónustu við foreldra og félög þeirra.

Hér er ýmislegt fróðlegt að finna eins og kynningabæklingar fyrir öll skólastig, eldri tímarit Heimilis og skóla og Foreldrabankann en þar er að finna ýmsar upplýsingar fyrir bekkjarfulltrúa og virka foreldra sem varðar foreldrastarfið og skipulag þess. <http://www.heimiliogskoli.is/utgefid-efni/foreldrabankinn/>

# Stutt skilaboð til allra foreldra barna í Ölduselsskóla



## Hvers vegna foreldrasamstarf?

- Nýleg grunnskólalög gera ráð fyrir stóru hlutverki og formfastri aðkomu foreldra að ákvarðanatöku í skólastarfi - Allir foreldrar barna í Ölduselsskóla eru í foreldrafélaginu. Tökum því öll þátt í vetturstarfinu fyrir börnin okkar
- Þátttaka og áhugi foreldra á námi barna sinna er sá þáttur sem hefur mest áhrif á námsárangur og líðan barna í skólum
- Skólinn einn veigamesti stuðningsaðili foreldra í uppeldi og menntun barnsins

### a. Áhrifamáttur foreldra

- Sýnum áhuga á námi og líðan barnsins í skólanum
  - Spyrjum barnið hvernig gangi og hvernig því líði
  - Tölum jákvætt um nám og starfið í skólanum
- Áhrif foreldra snúast ekki um menntunarstig þeirra eða getu til að aðstoða barnið við námið sjálft heldur um samtalið við barnið og að barnið sjái tilgang með námi sínu.

### b. Fundarefni á fyrsta fundi foreldra að hausti.

- Dagskrá vetturans í bekknum – kynna drög, fá hugmyndir frá þátttakendum – nýta áhugasvið og þekkingu innan bekkjarins
  - Dagskrá foreldrafélagsins – gera bekkjardagskrá yfir árið. Hægt er að nálgast sýnishorn á <http://www.ölduselsskoli.is/> (undir Foreldrar).
  - Fá viðbrögð fundarmanna við tillögum - samþykki
  - Kynna hugmyndir að skiptingu verkefna innan bekkjar
  - Foreldrasáttmáli – Ræða uppeldisleg viðmið – t.d. samskipti, útvistartíma, afmælisboð, gistingar, samskiptamiðlar/tölvunotkun/blogg/msn/tölvuleikir, party, bekkjarferðir o.s.frv
- Önnur mál

### c. Skipulagning foreldrastarfs

- Gera bekkjardagskrá yfir árið
  - Virkja foreldra í viss verkefni
  - Ábyrgð skýr
- Bekkjarfulltrúi minnir á viðburði

### d. Til athugunar

- Bekkjarkvöld – tækifæri til að styrkja samskipti milli barna, foreldra og kennara
  - Félagsstarfið í skólanum og félagsmiðstöðinni – tækifæri barna til að hittast án foreldra
  - Foreldrafundir – Tækifæri fyrir foreldra til að hittast án barna
  - Í hópi foreldra er mikil auðlegð; áhugamál, hæfileikar, reynsla, geta og þekking sem hægt er að draga fram og nýta í starfinu
  - Nauðsynlegt að taka alltaf fram í auglýsingum að uppákoman er fyrir foreldra og börn því tilgangurinn er að börn og foreldrar séu saman, ekki er eðlilegt að senda barn eitt án foreldris/forráðamanns
  - Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum á öllum uppákomum
- Eðlilegt að allir hjálpist að, t.d. við frágang ☺ Leitið eftir aðstoðinni!

### e. Til leiðbeiningar

- Bekkjarfulltrúar fyrstu bekkja ættu allir að vera með upplýsingar og sýnishorn af öllu foreldra og bekkjarfulltrúastarfi síðustu ára til viðmiðunar. Ef slíkar upplýsingar vantar má hafa samband við foreldrafélag Ölduselsskóla.
- Ef einhverjar spurningar vakna eru fulltrúar eða virkir foreldrar hvattir til þess að hafa samband við foreldrafélag Ölduselsskóla.
- Upplýsingar um bekkjarfulltrúa, bekkjardagskrá, og aðra gagnlega punkta er að finna á <http://www.ölduselsskoli.is/>(undir Foreldrar)

### f. Að lokum – Facebook, Mentor, tölvupóstur!

- Foreldrar eru hvattir til að leita uppi Facebook-síður bekkja/árganga barna sinna til þess að geta betur fylgst með upplýsingum og uppákomum sem þar koma fram. Mentor er tenging við skólann og mikilvæg upplýsingaveita eins og tölvupósturinn.